

Lokaskýrsla um samfélagsverkefni Rótarýklúbbsins Reykjavík-Austurbær

## **Stuðningur og fræðsla til aðstandenda þeirra sem glíma við sjálfsvígshugsanir eða stunda sjálfskaða**

Í haust kom fram vilji innan Rótarý Reykjavík-Austurbær (RRA) að styrkja samfélagslegt verkefni sem tali inn í samtímann. Þar sem aukinn fjöldi sjálfsvíga og sjálfskaða er vaxandi vandamál í samfélaginu, vandamál sem snertir marga, lá beint við að styrkja Píetasamtökin.

Sigríður Lillý Baldursdóttir forseti (RRA) skipaði verkefnisstjórn um verkefnið. Í henni sitja Kristín Jónsdóttir verkefnisstjóri, Björn Eysteinnsson gjaldkeri og Helga Gottfreðsdóttir.

Stefnt var að því að safna 500 þús. meðal félagsmanna og sækja um sömu upphæð í Verkefnasjóð Rótarý á Íslandi. Þessi áætlun gekk eftir og gott betur því það söfnuðust 300 þús í viðbót. Upphæðin er því alls 1300 þús. kr.

Við undirritun sammings RRA við Píeta um verkefnið, hinn 15. janúar í húsakynnum Pieta á Baldursgötu, voru 500 þús. kr. afhentar Samtökunum. Seinni 500 þús. kr. voru afhentar Píetum þegar það lá fyrir að RRA fengi styrk úr Verkefnasjóðnum. Þær 300 þús sem út af standa verða afhentar þegar við fáum lokagreiðsluna frá Verkefnasjóðnum.

RRA lagði áherslu á að um yrði að ræða nýtt verkefni. Í samráði við Kristínu Ómarsdóttur framkvæmdastjóra Píetasamtakanna var afraðið að veita styrk til að yta úr vör úrræði, sem fram færi í lokuðum stuðningshópi stýrðum af fagaðilum frá Píetum, fyrir aðstandendur þeirra sem glíma við sjálfsvígshugsanir. Undirbúningur Píeta hófst um leið og þeim var afhent fyrsta greiðslan. Veittur er faglegur stuðningur, forvarnir og fyrsta hjálp með fræðslu og jafningjastuðningi. Kennd eru ýmis bjargráð eins og núvitund, fræðsla um lyf, kynning á úrræðum og leiðbeining um hvenær og hvernig er best að nýta þau. Vegna mikillar aðsóknar hefur hópastarfið tekið breytingum. Hópurinn er ekki lengur lokaður heldur opinn öllum þeim aðstandendum sem sækja aðstoð hjá Píeta samtökunum. Nú geta um 25 manns sótt fundi og fer hópurinn ört stækkandi.

Í greinargerð frá Guðrúnu Katrínu og Lovísu Maríu, sem stýra hópunum, segir:

Starfið gekk vel og töluðu konurnar um að upplifa stuðning hvor frá annarri og finnst hjálp í því að heyra sögur annarra sem þær tengja við. Þeim fannst gott að fá tækifæri til að tjá sig á vettvangi sem þessum þar sem þær fundu fyrir trausti og

skilningi frá öðrum. Þær töluðu um að finnast gott að heyra að þær væru ekki einar. (Fskj.1)

Það er nokkuð ljóst að verkefnið er komið til að vera, takist áframhaldandi fjármögnun.

## KYNNINGAR

Lögð var áhersla á að kynna vel verkefnið og starf Píetasamtakanna. Bæði innan Rótaryhreyfingarinnar, á samfélagsmiðlum sem og öðrum fjölmiðlum.

Reglulega, á fundum RRA, var umfjöllun um verkefnið og Píetasamtökin. Kristín Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Pietasamtakanna kom á Zoom fund og gerði grein fyrir samtökunum og verkefninu. Einnig hefur verið boðið upp á kynningu á því í öðrum Rótaryklúbbum.

- Fréttatilkynning birtist í Morgunblaðinu hinn 27. febrúar 2021 (Sjá fskj.2).
- Grein birtist í Mannlíf hinn 26. febrúar.
- Örsaga hefur verið skrifuð fyrir væntanlegt kynningarefni Rótary að beiðni Guðrúnar Ragnarsdóttur (fskj.3)
- Kynningar hafa ítrekað birst á Facebook
- Í mars birtist frétt um verkefnið á Rótary.is (<https://www2.rotary.is/>)

RRA hefur hug á að sýna Píetum enn frekari stuðning meðal annars með því að aðstoða við árlegar uppákomur. Má þar nefna:

- **Menningarnótt.** Til stendur að RRA félagar aðstoði við kaffiveitingar hinn 21. ágúst á menningarnótt og taki á móti gestum og gangandi.
- **Ljósagönguna.** Til stóð að RRA tæki þátt í undirbúningi Ljósberagöngunnar sem Pietar standa fyrir árlega og gerast ljósberar. Því miður kom Covid í veg fyrir það.

Það hefur verið góð tilfinning að geta styrkt þetta frábæra starf Píeta. Einnig hefur verið ánægjulegt hve þetta mikilvæga samfélagsverkefni hefur styrkt starfið í RRA og eflt samstöðuna.

Verkefnasjóðnum eru færðar bestu þakkir fyrir sinn ómetanlega stuðning. Góðar kveðjur fyrir hönd verkefnisstjórnarinnar.

Kristín Jónsdóttir stallari og verkefnisstjóri Píetaverkefnisins